



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 17 maí 2016

Umsögn Félags yfirlögregluþjóna um frumvarp til laga um lögreglulög og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (menntun lögreglu), 742. mál.

Almennt

Félag yfirlögregluþjóna (FY) lýsir ánægju sinni með að stjórnvöld skuli loks hafa tekið ákvörðun um að setja grunnmenntun lögreglumanna á æðra skólastig en nú er og styður þá viðleitni, sem í því birtist, að efla lögregluna svo hún geti sem best mætt kröfum samfélagsins.

Umræða inna félags FY

Félagsmenn í FY ræddu þessi mál nokkuð ýtarlega á aðalsfundi sínum og málstofu í apríl s.l. Þar ræddu félagsmenn um frumvarpið og afleiðingar þess fyrir lögregluna og verkefni hennar auk þess sem atriði úr því voru rædd á málstofunni við ríkislögreglustjóra og skrifstofustjóra almannaoðryggisskrifstofu innanríkisráðuneytis.

Fram komu hjá félagsmönnum FY miklar efasemdir um að sú aðferðarfræði sem beitt er, þ.e. að leggja af lögreglumenntun eins og hún er nú, á sama tíma og mikil vöntun er á menntuðum lögreglumönnum um allt land. Viðvarandi vandi hefur verið vegna fjárskorts sem og skorts á því að menntaðir lögreglumenn gefi kost á sér til starfans.

Ef frumvarpið verður að lögum í þessari mynd liggur fyrir að ekki verða útskrifaðir lögreglumenn næstu tvö ár og það leiðir til þess ófremdarástands að mikill fjöldi ófaglærðra einstaklinga muni gegna störfum lögreglumanna í hinni almennu löggæslu. Eftir þeim upplýsingum sem FY hefur aflað sér liggur fyrir að allt að 100 afleysingamenn, þar af langflestir ófaglærðir, verða við stöf á orlofstíma 2016.

Fram hefur komið hjá þeim sem unnið hafa að gerð frumvarpsins að það, hversu langur tími líður uns lögreglumenn með hina nýju og bættu lögreglumenntun koma til starfa, verði ekki vandamál. Lögreglumenn í háskólanámi komi strax árið 2017 til starfsnáms og leysi þá aðkallandi mönnunarvanda. FY varar við þessari hugsun og bendir á að hún lýsir skammsýni og skorti á skilningi á menntun starfsstéttarinnar.

FY leggur mikla áherslu á að vegna þessa ástands sem mun skapast verði hugað að því að Lögregluskólinn í núverandi mynd verði starfræktur í eitt ár í viðbót og teknir inn nemendur í haust.

Breytingar ganga ekki nægilega langt

Ef ætlunin er að gera lögreglumenntun öflugri en nú er dugar ekki að halda í þá gömlu og úreltu hugsun að nemar í starfsnámi leysi mönnunarvanda lögreglunnar.



Félag yfirlögregluþjóna

Nemar eiga að vera að læra! Líka starfsnemar eða nemar í verknámi. Þeir eiga að vera undir handleiðslu hæfra leiðbeinenda sem styðja við nám þeirra eftir skipulagðri námskrá. Þeir eiga ekki, að mati FY, að að leysa mönnunarvandamál!

Yfirlögregluþjónar víða um land hafa reynslu af því að bera ábyrgð á starfsnámi starfsnámsnema í núverandi fyrirkomulagi lögreglumenntunar þar sem þeir hafa, vegna manneklu og tímasetningar starfsnáms, orðið að fela þeim verkefni og ábyrgð langt umfram það sem eðlilegt væri. Þetta hefur verið svo vegna viðvarandi mönnunarvanda, fjárskorts og skorti á stefnumótun í menntunarmálum lögreglu.

Þessu skylt er sú hugsun sem er í staflíð e. 4. greinar frumvarpsins þar sem enn er inni heimild til þess að í lögreglu sé ráðið ómenntað fólk til að gegna lögreglustarfi. Löggjafinn virðist ekki hafa af því áhyggjur að starf, sem til stendur að krefjast háskólamenntunar til að mega sinna, skuli vera leyst af hendi af ófaglærðum einstaklingum.

Þessi hugmyndafræði er í hrópandi ósamræmi við markmið frumvarpsins sem eru m.a. að auka gæði löggæslu á Íslandi sem og sérhæfingu og færni lögreglumanna eða eins og ágætlega er lýst í kafla II. í athugasemdum um frumvarpið:

“Mikilvægt er að hún (lögreglumenntun- innsk.) svari kalli tímans hverju sinni um almannaöryggi og sé sambærileg við menntun lögreglu í öðrum Evrópuríkjum, einkum og sér í lagi með hliðsjón af því sem gerist og gengur annars staðar á Norðurlöndunum. Eðli og umfang lögreglustarfsins hér á landi og annars staðar hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum áratugum. Ráða þar mestu tæknipróun og alþjóðavæðing sem hafa haft í för með sér – og munu áfram hafa – ný úrlausnarefni sem þarf að sinna svo að unnt sé að tryggja almannaöryggi. Störf lögreglunnar eru orðin erfiðari og mun flóknari en fyrr. Ógnir við netöryggi, vöxtur skipulagðrar glæpastarfsemi og vaxandi ógn vegna hryðjuverka eru þær hættur sem Evrópuríki líta helst til og kalla á aukna þekkingu og þjálfun lögreglumanna. Þátttaka íslensku lögreglunnar í alþjóðlegu samstarfi lögreglu er sífellt mikilvægari og verður þekking og þjálfun að vera í takt við þær kröfur sem gerðar eru í öðrum ríkjum. Reglulega verður að gera faglegar greiningar og mat á hættu og ógnum sem stöðja að íslensku samfélagi og lögreglan verður að geta tileinkað sér nýjungar í rannsóknum á sakamálum, ekki síst á meintum glæpum á netinu og í tengslum við efnahagsbrot svo dæmi séu tekin. Markmiðið í menntunar- og þjálfunarmálum lögreglunnar er að tryggja að lögreglan geti á hverjum tíma tekist á við mikilvægustu verkefni sín; að tryggja réttaröryggi borgaranna og grundvallarhagsmuni ríkisins. Mikilvægt er að lögreglan hafi góða þekkingu á þeim kröfum og leggi sig fram í hvívetna við vundasöm störf”

BB



Félag yfirlögregluþjónna

Um aðferðarfræði við niðurlagningu lögregluskóla ríkisins!

FY gerir alvarlegar athugasemdir við það sem birtist í kaflanum „Ákvæði til bráðabirgða II“ um fyrirhuguð starfslok lögreglumanna í lögregluskóla ríkisins. Þar er gert ráð fyrir því að embætti þeirra skulu lögð niður án þess að þeim verði boðin ný störf.

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að embætti tveggja yfirlögregluþjónna við stofnunina verði lögð niður sem og embætti fjögurra lögreglufulltrúa og starfsmönnum, sem þeim embættum gegna, fari á biðlaun.

Þetta hefur verið rökstutt, m.a. af höfundum frumvarpsins í IRR, með þeim hætti að ný störf við lögreglumenntun, verði á því menntunarstigi að starfskraftar viðkomandi lögreglumenntaðra starfsmanna, nýtist ekki. Þessu mótmælir FY.

Reynsla þessara starfsmanna er mikil og að mati FY fráleit hugmynd að kasta henni á glæ með þessum hætti. Auk þess vill FY benda á að annar af yfirlögregluþjónum stofnunarinnar er eini starfsmaður framhaldsdeildar skólans sem borið hefur, í samræmi við gildandi lögreglulög, ábyrgð á framhaldsmenntun, símenntun og sérmenntun lögreglumanna auk samstarfs við CEPOL. Skv. frumvarpinu færast þau verkefni, sem yfirlögregluþjónninn hefur sinnt, til nýrrar skrifstofu hjá embætti RLS, mennta- og starfsþróunarseturs. Framangreind rök höfunda frumvarpsins, eiga því í það minnsta ekki við um þann lögreglumann. FY krefst þess að í meðförum Alþingis á þessu frumvarpi verði í „Ákvæði til bráðabirgða II“ þessum aðilum fundið viðeigandi starf og staða í ljósi þeirra réttinda sem þeir hafa áunnið sér með allt að 40 ára þjónustu í opinberri þágu.

FY telur framangreinda ráðstöfun, eins og hún birtist í tilvitnuðu bráðabirgðaákvæði, ekki í anda þess sem komin er hefð á í starfsmannamálum hins opinbera og alls ekki í samræmi við flutninga og starfssviðsbreytingar vegna niðurlagningar og eða sameininga lögregluembætta undanfarna áratugi.

F.h. FY

Óskar Bjartmarz
formaður